

## MYNDLIST

# Solander hefur breytt lífi mínu

Sænski náttúrufræðingurinn Daniel Solander kom til Íslands fyrir 250 árum en áður hafði hann siglt til Eyjaálfu. Sænski sendiherrann á Íslandi, Pär Ahlberger, er heillaður af verkum landa síns og fannst tilvalið að tengja Ísland og Svíþjóð sterkari böndum í gegnum Solander. Um helgina opnar viðamikil samsýning í Hafnarborg en listamenn sækja innblástur til landkönnuðarins sáluga.

Ásdís Ásgeirsdóttir asdis@mbl.is

Í rólegri og gróinni götu í Þingholtunum býr sænski sendiherrann á Íslandi, Pär Ahlberger, í fallegu, gömlu, hvítu steinhúsi. Hann er mættur út á tröppur og veifar til blaðamanns sem keyrir upp langa heimreiðina. Pär heilsar hressilega og býður inn. Hann byrjar á að sýna blaðamanni stásstofurnar sem eru fullar af gömlum og virðulegum húsgögnum og falgum málverkum eftir sænska listamenn. Þarna eru væntanlega haldin boð fyrir fyrirtölk og þjóðhöfðingja. Pär og kona hans búa svo á efri hæð hússins. Pär hefur tilbúið kaffi en það er drukkið úr sérstöku bollastelli sem hann segir vera notað í sænskum sendiráðum um allan heim. Við sötrum kaffið og ræðum starf sendiherrans en ekki síst tölum við um ástríðuna hans Párs sem er að kafa djúpt ofan í líf og störf landa hans sem uppi var fyrir 250 árum, Daniels Solanders, landkönnuðar, vísindamanns og náttúrufræðings.

## Sendiherra í ellefu ríkjum

Áður en við snúum okkur að löngu liðinni fortíð fýsir blaðamann að vita meira um störf Párs sem sendiherra en hann hefur gegnt þeirri stöðu víða um heim.

„Ég varð fyrst sendiherra árið 2006,“ segir

hann og nefnir að hann hafi ekki farið „beinu brautina“ í átt að diplómatalífi. Eftir menntaskóla flutti hann til Bologna á Ítalíu þar sem hann gekk í bandarískan háskóla og lærði stjórnmálafræði. Eftir það vann hann um hríð hjá Fríverslunarsamtökum Evrópu, hjá Evrópuráðinu í Brussel, hjá Rauða krossinum og hjá varnarmálaráðuneyti Svíþjóðar, svo eitthvað sé nefnt.

„Ég einhvern veginn datt inn í utanríkisráðuneytið án þess að hafa ætlað mér það. Lífið er ekki bein lína,“ segir hann og brosir.

„Ég vann svo í sendiráðum í Kaupmannahöfn og Kína og varð svo sendiherra í Singapur og Brúnei. Þaðan fór ég til Eyjaálfu og var sendiherra í Ástralíu, Nýja-Sjálandi og níu Kyrrahafseyjum, sem sagt í ellefu ríkjum!“ segir hann.

„Höfuðstöðvarnar voru í Canberra og ég ferðaðist mikið um öll ellefu löndin, sem ná yfir gríðarlegt landsvæði. Ég var fyrsti sænski sendiherrann til að þjóna í öllum þessum eyjaríkjum. Reynsla mín af þessu hafði gífurleg áhrif á mig persónulega. Það er eitthvað sérstakt við íbúa eyja; samfélögin eru lítil og fólk þekkir hvert annað eins og við vitum hér á landi,“ segir hann og nefnir að þarna sé stór eyjaklasi, ríkið Kiribatí, sem fáir þekkja.

„Frá austasta tanga eyjaklasans til hins vestasta er vegalengdin jöfn vegalengdinni frá Svartahafinu og til Íslands. Geturðu ímyndað þér! Og enginn hefur heyrt talað um þetta ríki,“ segir hann og segist þar hafa séð með eigin augum áhrif loftslagsbreytinga.

„Hækkun yfirborðs sjávar var greinileg og enginn veit fyrir víst hvað verður en mögulega fara eyjarnar undir sjó eftir tvo til þrjá ára-

tugi,“ segir hann og segist hafa margoft ferðast til þessara framandi eyja. Blaðamaður getur ekki ímyndað sér að þar búi margir Svíar og spyr hvað hann hafi verið að gera þar.

„Nei, þar búa fáir Svíar. En sænska ríkisstjórnin er með loftslagsmál í fyrirrúmi; mál efni sem snúa að loftslagi, umhverfi og höfum heimsins. Þess vegna ferðaðist ég meira en mínir fyrirrennarar og stofnaði til diplómatiskra tengsla við ríkisstjórnir eyjanna í Kyrrahafinu,“ segir hann og segir að hluti af starfi sínu sé að vinna að betri og umhverfisvænni heimi. Vinnan skilaði sér í ýmsum samvinnuverkefnum á sviði umhverfis- og loftslagsmála, fiskveiða og málefna kvenna.

„Vinnan mín er mjög fjölbreytt. Starf sendiherrans skiptir máli þegar kemur að samskiptum ríkja. Það var allt annað að koma hingað, enda höfum við verið góðir grannar í margar aldir.“

## Eins og fjarskyldir ættingjar

Hvað gerir sænski sendiherrann á Íslandi?

„Það er góð spurning. Ég kom hingað í september 2020 og það var auðvitað í miðjum faraldri. En eitt af því sem ég hef áorkað, þrátt fyrir að Íslendingar séu eins og fjarskyldir ættingjar okkar, er að upplýsa ríkisstjórnina

um mikilvægi Íslands og okkar samskipta,“ segir hann og nefnir að tíu þúsund Íslendingar búi í Svíþjóð, en í heildina hafi þrjátíu þúsund Íslendingar búið á einhverjum tímamarki í Svíþjóð.

Pär segist hafa skoðað vel mikilvægi Íslands fyrir Svíþjóð og meðal annars gerði hann úttekt á útflutningi vara frá Svíþjóð til landsins.

„Markaðurinn hér er alltaf borinn saman við hin Norðurlöndin eins og vera ber, sem er auðvitað frekar ósanngjarnt vegna smæðar ykkar. Ég ákvað því að bera ykkur saman á alþjóðlegum skala, hvað varðar útflutning frá Svíþjóð og komst að því að Ísland er mikilvægari markaður en öll lönd í Suður-Ameríku, að Brasilíu og Mexíkó undanskildum. Þið eruð stærri en allir markaðir Afríku, fyrir utan Suður-Afríku og Egyptaland. Og að lokum, þið eruð stærri og mikilvægari okkur en Indónesía, þar sem 350 milljónir manna búa og við höfum miklar væntingar,“ segir hann og segir sama gilda um Malasíu, Filippseyjar, Hong Kong, Víetnam og Banglades.

## Solander var víða

Við snúum okkur að máli málanna, fyrirhugaðri myndlistarsýningu sem mun ferðast víða og ástríðu Párs fyrir löngu látnum manni sem ferðaðist til Eyjaálfu og Íslands fyrir 250 árum. Náttúrufræðingurinn Daniel Solander var lærisveinn Carls Linné, grasafraeðings, læknis og upphafsmanns vistfræði. Solander sigldi meðal annars með James Cook, sem síðar var veginn og étinn á Havaí, og grasa- og náttúrufræðingnum Joseph Banks.

Hvernig byrjaði þetta allt saman? Er Solander vel þekktur í Svíþjóð?

„Nei, alls ekki, hann er ekki vel þekktur.



Hann var lærisveinn náttúruvísindamannsins Carls Linné og fór þess vegna til London. Bretarnir, sem fóru fyrir leiðangrinum, báðu Linné að senda þeim sinn besta grasafraeðing og var þá Solander sendur til London og starfaði í ríkissafni Bretlands en hann fór síðan aldrei aftur heim til Svíþjóðar. Í Englandi kynntist hann Joseph Banks,“ segir hann og segir Solander hafa siglt með Banks fyrstur norrænna manna í kringum heiminn.

„Ég heyrði fyrst af honum í Ástralíu en

hann er vel þekktur þar og í Nýja-Sjálandi, en þar heita eyjur í höfuðið á honum og sjö grasa- garðar auk bókasafna,“ segir Pär og segist hafa verið hissa á að nafnið Solander hafi verið víða að finna.

„Hann er í raun sá fyrsti sem tengir saman löndin í norðri og Kyrrahafið. Og það fannst mér áhugavert,“ segir hann og segir Solander hafa komið til Nýja-Sjálands árið 1769 og til Ástralíu ári síðar.

„Það kom svo upp ágreiningur og Banks og



Pär Ahlberger, sendiherra Svíþjóðar, hefur sókk sér ofan í sögu, list og vísindi sem hann notar til að tengja saman grannana, Ísland og Svíþjóð.

Morgunblaðið/Ásdís

Solander ákváðu að fara til Íslands í stað þess að fara aftur til landa í Kyrrahafinu,“ segir hann og segir aðalástæðu ferðarinnar hafi verið að skoða eldfjallið Heklu.

„Peir komu til Hafnarfjarðar 29. ágúst, 1772 og voru hér í sex vikur.“

### Íslendingar fá nú að tjá sig

„Í þessum leiðangri var annar Sví, Uno von Troil, sem seinna varð erkibiskup af Svíþjóð. Hann samdi bók sem samanstóð af tuttugu

bréfum sem hann nefndi Bréf um Ísland og fjölluðu um daglegt líf og hætti Íslendinga. Þetta vakti athygli í Svíþjóð og kóngurinn sýndi þessu áhuga. Bókin var gefin út í Svíþjóð og þýdd síðar á ensku, frönsku, þýsku og hollensku. Bókin hafði gífurleg áhrif á sýn fólks á Ísland,“ segir Pär og segir að það hafi ekki verið fyrr en árið 1961 að bókin var gefin út á íslensku.

„Ef við færum okkur til nútímans sjáum við að það sem er merkilegt við þennan leiðangur



## Sigríður heilsar Solander

Listakonan Ingibjörg Ágústsdóttir bjó til þetta fallega verk úr viði, eftir að hafa rætt verkefnið við Pär. Í verkinu má sjá holtasóley sem er bæði blóm Íslands og Lapplands í Norður-Svíþjóð, sem eru heimaslóðir Solanders. Á einni hlið er frægur sænskur sálmur frá 1650. Solander heldur á teikningu af burkna, sem er tákn Nýja Sjálands. Sigríður Magnúsdóttir amtmannsfrú er konan íslenska, en hún heldur á rjúpu sem er byrjuð að breyta um lit. „Ég ákvað að frú Sigríður ætti að vera tákn um þann Íslending sem myndi heilsa Solander. Þau standa þarna jafnfætis og horfast í augu og eru í samræðum,“ segir Pär.

og bókina er að íslenska röðdin hefur verið þögn hingað til; það voru Bretar og Svíar sem áttu orðið,“ segir Pär og segist hafa unnið að þessu verkefni tengdu Solander nú í mörg ár, en sýningin sem Pär hefur komið á koppinn opnaði laugardaginn 27. ágúst í Sverrissal Hafnarborgar. Sýningarnar eru tvær; annars vegar sýningin *Solander 250: Bréf frá Íslandi* og hins vegar *Paradise Lost – Daniel Solander's Legacy*.

„Ég kom til Íslands, 250 árum á eftir Solander, og á einhvern undarlegan hátt þá tengi ég við hann. Nú vil ég að Íslendingar noti tækifærið og spegli sig í verkefninu og sjái hvernig Ísland var fyrir 250 árum. Kannski að skoða hvernig landið hefur breyst síðan þá og jafnvel að skoða hvert þið stefnið; hvar verðið þið eftir 250 ár?“ spyr Pär og segir þetta sína aðferð til að tengja Ísland og Svíþjóð.

„Satt að segja er ég orðinn þreyttur á venjulegum diplómátskum aðferðum sendiherra. Þær skapa ekki umræður. Ég gæti komið hingað og talað um Línu langsokk, en það hefur þegar verið gert. Mig langaði að gera eitthvað nýtt,“ segir hann og segist hafa boðið íslenskum listamönnum að búa til list sem tengist leiðangri Solanders.

„En sýningin heitir ekki Bréf um Ísland, heldur Bréf frá Íslandi, enda fá Íslendingar nú að tjá sig.“

### Ég er ekki dæmigerður sendiherra

Af hverju ferðu þá leið að nota myndlist og sögu til að efla samskipti þjóðanna?

„Það er Solander-gallerí í Wellington á Nýja-Sjálandi og þar var sýning tíu listamanna frá ýmsum stöðum við Kyrrahafið. Listamennirnir voru beðnir um að endurspeglu í list sinni leiðangur Solanders,“ segir hann og segir þá sýningu hafa ferðast víða, um Ástralíu, Nýja-Sjáland og var síðan keypt af gallerí í heimabæ Solanders.

„Þessi sýning er núna komin hingað og mun ferðast um landið í átján mánuði. Svo þegar ég kom hingað gerði ég það sama í samvinnu við félagið Íslenska graffik; við fengum tíu íslenska listamenn til að búa til list tengda Solander,“ segir hann og segir þá verkin samtals vera tuttugu talsins.

„Sendiherrar eru svo oft fastir í höfuðborginni en það hefur verið mikilvægt fyrir mig að ná til fleira fólks,“ segir hann og segir líklegt

að eftir að sýningin hafi ferðast hringinn, verði hún keypt til Svíþjóðar.

„Ég er búinn að heimsækja öll bæjarfélögin þar sem sýningin verður sett upp, en ég hef líka notað sýninguna til að fá skóla til að vera með verkefni tengd Solander. Í Vestmannaeyjum hefur kennari einn farið með börnin í leiðangra út í náttúruna í anda Solanders og þau síðan búið til myndlist. Sýning krakkana verður því opnuð um leið og sýningin opnar í Vestmannaeyjum, og þetta er bara eitt dæmi,“ segir hann og segir mörg önnur verkefni tengd Solander á döfnni.

„Við munum setja upp rannsóknarsetur við Vatnajökul, *Solander's Eye*, sem myndar allan sólarhringinn og tekur upp hljóð; sannað „slow TV“. Svo höfum við komið á laggirnar árslangri ljósmyndasýningu á netinu þar sem sænsk kona birtir mánaðarlega ljósmyndir af landslagi unnar undir áhrifum Solanders.“

Hvað segja þínir yfirmenn í Stokkhólmi við þessum hugmyndum þínum?

„Peir eru ánægðir. Ég er ekki dæmigerður sendiherra og geri hlutina oft öðruvísi en aðrir. Einu sinni á ári er „besta verkefnið“ valið og verkefnið á Nýja-Sjálandi fékk þá viðurkenningu árið 2019. Það gaf mér byr undir báða vængi en þetta verkefni hefur vaxið gífurlega. Og með þessu skapast tækifæri fyrir þjóðirnar að halda áfram að tengjast í gegnum list, sögu, mannfræði, og náttúrufræði. Mér finnst þetta einstakt og það er mér heiður að fá að vera með í þessu verkefni.“

### Stakk mér á bólakaf

Þessi maður sem var uppi fyrir 250 árum hefur haft mikil áhrif á þig!

„Já, ég er lærisveinn hans. Hann var mjög félagslyndur og forvitinn en gagnrýndur fyrir að gefa ekki út meira efni. Hann skildi ekki eftir sig dagbækur eða neitt slíkt. Hann var frekar lítill og digur, vinalegur náungi úr norðrinu. Ég hef sjálfur fyllt í eyðurnar. Hann hefur tekið í hönd mína og ég hef upplifað svo margt. Solander hefur breytt lífi mínu og án hans hefði ég til dæmis aldrei kynnst fólki fyrir utan Reykjavík,“ segir hann og segir það hafa verið skrifað í skýin að hann myndi koma hingað.

„Ég stakk mér á bólakaf í söguna hér, listina, vísindin! Og svo förum við með þetta til Svíþjóðar.“